

From: [Auður Önnu Magnúsdóttir](#)
To: [Tatjana](#); [Sara Stef Hildar](#)
Subject: Kvennaverkfall 50 ára
Date: mánudagur, 6. október 2025 11:19:38
Attachments: [Outlook-shmvifzb.png](#)

Kæru sveitafélög á Íslandi,

Þann 24. október 2025 verða 50 ár liðin frá sögulegum Kvennafrídegi þar sem 90% íslenskra kvenna lögðu niður störf sín, launuð og ólaunuð til að mótmæla kynbundnum launamun og ólaunaðri vinnu kvenna. Að þessu tilefni hafa á sjötta tug samtaka kvenna, femínista, hinsegin fólks og fatlaðs fólks lýst árið 2025 Kvennaár. Kröfurgerð var send á stjórnvöld þann 24. október í fyrra og má lesa kröfurnar á síðunni [Kvennaar.is](#).

Á Kvennaári hafa ótal margir aðilar og aðstandendur staðið fyrir viðburðum, gjörningum, herferðum og öðrum húllumhæi til að minna á að jafnrétti hefur ekki verið náð í svokallaðri jafnréttisparadís. Á næstu vikum verður mikið um dýrðir og margt að gerast um allt land en hægt er að fylgjast með á vefsíðu Kvennaárs hvaða viðburðir/atburðir eru á döfinni. Rétt er að benda á skemmtilegt verkefni bókasafna um allt land sem vilja efla læsi á stöðu og baráttu kvenna í aðdragandanum að 24. október, en nánar er hægt að lesa um verkefnið á síðu þess <https://borgarbokasafn.is/laesi-stodu-og-barattu-kvenna>

Okkur langar til að hvetja ykkur hjá sveitafélaginu til að leggja ykkar af mörkum til að minnast 50 ára afmælis kvennafrídaysins og styðja við þá viðburði sem eru í gangi að þessu tilefni í ykkar sveitafélagi sem og að gera konum og kvárum sem starfa hjá sveitafélaginu kleift að taka þátt í Kvennaverkfalli þann 24. október 2025.

f.h. framkvæmdastjórnar Kvennaárs 2025

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands

Auður Önnu Magnúsdóttir
Framkvæmdastýra/General manager
Kvenréttindafélag Íslands/Icelandic Women's Rights Association
Túngötu 14, 101 Reykjavík
Tel: +354 5518156
www.kvenrettindafelag.is

